

Í framhaldi af hertum reglum Sóttvarnarlæknis mun félagið gera breytingar á iðkun skotfimi á Álfsnesi. Félagsheimilið verður lokað gestum en starfsmenn taka við æfingagjöldum, ráðstafa lúgum á ríffilvelli og plássi á haglavöllum við innganginn. Iðkendur þurfa því að bíða í bílum sínum þar til röðin kemur að þeim. Lúgur í ríffilhúsi verða opnaðar af starfsmönnum og borð þrífin eftir hvern iðkanda. Önnur hver lúga verður opin.